

Sent í tölvupósti

Reykjavík, 23. nóvember 2023

Umhverfis- og samgöngunefnd
v.t. Bjarni Jónsson, formaður

Efni: Umsögn til umhverfis- og samgöngunefndar um tillögu til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt, 61. mál, 154. löggjafarþing.

Bændasamtökin styðja þingsályktunartillögu þessa.

Bændur hafa verið frumkvöðlar í bæði landgræðslu og skógrækt og tekið virkan þátt í þeim verkefnum sem hafa verið í boði eins og Bændur græða landið og Bændaskógar. Jafnframt hafa bændur haft frumkvæði að því að kortleggja gróður- og jarðvegsauðlindir landsins með því að fjármagna að stórum hluta verkefnið Grólinn.

Samtökin leggja jafnframt áherslu á að slíkt áttak í skógrækt sé unnið í sátt við nærsamfélagið og byggji á gildandi skipulagi. Taka þarf tillit til ýmissa atriða, s.s. að vernda gott ræktunarland, í samræmi við leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands, en mikið er af öðru landi sem hentar afar vel til skógræktar. Þá má með bæði landgræðslu og skógrækt auka verulega árlega kolefnisbindingu.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur